



Fegrunarviðurkenningar Reykjavíkurborgar 2023

Óskað eftir tilnefningum og ábendingum

Ár hvert veitir Reykjavíkurborg viðurkenningar fyrir vandaðar endurbætur á eldri húsum og fyrir lóðir þjónustu-, stofnana- og fjölbýlishúsa sem þykja til fyrirmyndar. Auk þess eru veittar viðurkenningar fyrir „sumargötur“, þ.e. svæði fyrir framan verslanir og þjónustu sem eru skemmtilega útfærð yfir sumartímann.

Óskað er eftir ábendingum um hús og lóðir sem verðskulda fegrunarviðurkenningu í ár. Valið verður í höndum starfshóps sem skipaður er fulltrúum frá umhverfis- og skipulagssviði og Borgarsögusafni.

Ábendingar skulu sendar inn með tölvupósti merktum **Fegrunarviðurkenningar 2023** á skipulag@reykjavik.is í síðasta lagi þann 20. júlí 2023.



Reykjavík